



20. júní 2023

Til: Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar – Dagny.Alma.Jonasdottir@reykjavik.is**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.**Efni:** Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. maí 2023 var neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram og vísað til umsagnar Sorpu bs. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Sorpa hefur nú tekið við sér og ætlar að bjóða út útflutningi á sorpi til brennslu. Gert er ráð fyrir að opna þau boð sem berast þann 25. apríl næstkomandi eins og fram kemur í svári við fyrirspurn frá Flokki fólksins um þessi mál. Sorpa hyggst hefja útflutning á brennanlegum úrgangi eins fljótt og auðið er. Þetta hefur tekið allt of langan tíma. Borið er fyrir sig reglur um opinber innkaup og kröfu um evrópska efnahagssvæðið.

Fulltrúi Flokks fólksins spyr, hvenær var tekin ákvörðun um að bjóða þetta út og hversu langan tíma þetta ferli tók?

Einnig er spurt hversu mikið magn er enn urðað í Álfsnesi? Hvert er heildar magn sorps sem væri hægt að flytja út til brennslu og hversu mikið magn var boðið út til brennslu? “

Fyrirspurnin barst SORPU þann 11. maí sl. með tölvupósti. Beðist er velvirðingar á þeim tögum sem hafa orðið á þessu svári.

Svar SORPU bs.**Spurning:**

Fulltrúi Flokks fólksins spyr, hvenær var tekin ákvörðun um að bjóða þetta út og hversu langan tíma þetta ferli tók?

Svar:

Stjórn SORPU ákvað þann 6. september 2021 á 454. fundi sínum að staðfesta heimild framkvæmdastjóra SORPU til að hefja undirbúning tímabundins útflutnings á brennanlegu sorpi, þ.m.t. að hefja útboð vegna þess verks. Bókun stjórnar vegna málsins er eftirfarandi:

„Stjórn staðfestir heimild framkvæmdastjóra til að hefja undirbúning tímabundins útflutnings á brennanlegu sorpi, þ.m.t. að hefja útboð vegna þess verks. Stjórn áréttar að sú mikilsverða áherslubreyting í rekstri SORPU að hætta urðun brennanlegs úrgangs og hefja í þess stað útflutning á slíkum úrgangi til brennslustöðva erlendis var samþykkt sem hluti áforma um að loka urðunarstað SORPU í Álfsnesi. Þar sem umrædd ákvörðun taldist veigamikil og stefnumarkandi í skilningi eigendastefnu samlagsins, sætti hún sérstaklega ítarlegri kynningu gagnvart handhöfum eigendavalds sem og öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum eigendasveitarfélaganna. Handhafar eigendavalds samþykktu umrædd áform og nauðsynlegar aðgerðir sem þeim fylgja, sbr. viðauka við



eigendasamkomulag SORPU dags. 6. júlí 2020, að fengnu sérstöku umboði frá viðeigandi borgar- og bæjarráðum til ákvörðunar. Stjórn hefur alla tíð síðan unnið að framgangi þeirra áherslumála sem af þessari ákvörðun leiðir, þ.m.t. undirbúningi tímabundins útflutnings brennanlegs úrgangs sem framkvæmdastjóra hefur verið falið að setja af stað. Á sama tíma hefur ákvörðun eigenda, sbr. eigendafundur dags. 10.05.2021, um að hefja undirbúningsvinnu við uppbyggingu hátæknibrennslu fyrir sorp á Íslandi fengið farveg í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og hagsmunaaðila, sbr. samning um forverkefni dags. 20. júní 2021.“

Á 457. fundi stjórnar SORPU þann 8. október 2021 gerði framkvæmdastjóri grein fyrir niðurstöðu útboðs á útflutningi á brennanlegum úrgangi.

Stjórn SORPU bókaði eftirfarandi:

„Í ljósi þess að öll framkomin tilboð eru hærri en gert var ráð fyrir í kostnaðaráætlun ákveður stjórn SORPU að hafna öllum tilboðum í útflutning á brennanlegum úrgangi og felur framkvæmdastjóra að leita annarra leiða eða samninga um útflutning á brennanlegum úrgangi.“

Ofangreind ákvörðun stjórnar var kærð með kæru sem var móttækin hjá kærunefnd útboðsmála þann 1. nóvember 2021. Kærunefnd útboðsmála kvað upp úrskurð sinn í kærumálinu númer 41/2021 þann 4. apríl 2022 og komst að þeirri niðurstöðu að SORPU hefði verið heimilt að hafna öllum tilboðum og að SORPA hefði jafnframt með því ekki bakað sér skaðabótaskyldu.

Útboðsáform voru að nýju til umræðu á 474. fundi stjórnar SORPU þann 25. nóvember 2022. Í kjölfar kynningar framkvæmdastjóra og umræðna um málið bókaði stjórn SORPU eftirfarandi:

„Stjórn SORPU bs. felur framkvæmdastjóra að halda áfram með fyrirhuguð áform um útflutning á brennanlegum úrgangi í samræmi við ákvörðun fyrri stjórnar. Framkvæmdastjóri hefur frumkvæði að því að upplýsa stjórn með virkum hætti um framgang málsins.“

Spurning:

Einnig er spurt hversu mikið magn er enn urðað í Álfsnesi? Hvert er heildar magn sorps sem væri hægt að flytja út til brennslu og hversu mikið magn var boðið út til brennslu?“

Árið 2022 voru urðu 67.470 tonn í Álfsnesi, samanborið við 96.272 tonn árið 2021.

SORPA bauð út allan þann úrgang sem hægt er að flytja út til brennslu og berst SORPU, áætlað um 43.000 tonn á ári til tveggja ára, með möguleika á að framlengja samning í tvígang um eitt ár í senn.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,
Framkvæmdastjóri SORPU bs.